

# Ársskýrsla

starfsárið 2009 - 2010



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana

11. maí 2010

## Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana starfsárið 2009 - 2010

### Inngangur

Eftirfarandi ársskýrslu Félags forstöðumanna ríkisstofnana er ætlað að gefa yfirlit um helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2009 til maí 2010. Skýrslan stiklar þó aðeins á stóru en frekari upplýsingar um starfsemina er t.d. að finna á heimasíðu félagsins eða í fundargerðum stjórnarfunda.

Starfsárið 2009-2010 var annasamt hjá Félagi forstöðumanna ríkisstofnanna (FFR) og hafa verkefni og áherslur mótast talsvert af þeim umbrotatímum sem nú eru á Íslandi í kjölfar hruns fjármálakerfis landsins haustið 2008. Fyrsta verk nýrrar stjórnar FFR var að senda þrjár ályktanir, sem samþykktar voru einróma á aðalfundi félagsins þann 11. maí 2009, til allra ráðherra í ríkisstjórninni, formanns fjárlaganefndar og ráðuneytisstjóra í stjórnarsýslunni auk fjölmiðla. Ályktanirnar fjölluðu um nauðsyn þess að koma á samráðsvettvangi ríkisstjórnar og forstöðumanna um ríkisreksturinn, um heimildir til að ráðstafa ónýttum fjárheimildum og um kjaramál forstöðumanna.

Segja má að árangur hafi náðst í málum sem tengjast tveimur ályktunum þ.e. komið var á samráðsvettvangi FFR og stjórnvalda með tveimur fulltrúum forstöðumanna og það tókst að koma í veg fyrir áform stjórnvalda um að fella alveg niður heimildir stofnana til að ráðstafa ónotuðum fjárheimildum. Ekki hefur hinsvegar náðst árangur í að rétta hlut forstöðumanna vegna einhliða lækkunar á launum með sérstakri lagasetningu. Þar er áfram verk að vinna enda hafa stjórnvöld farið fram á því sviði af óbilgirni og lækkað laun verulega einhliða með lagasetningu á meðan laun annarra ríkisstarfsmanna hafa áfram verið samkvæmt kjarasamningum.

Miklar breytingar eru boðaðar á stjórnarsýslunni af ríkisstjórninni við að einfalda og sameina stofnanir og hefur FFR lagt mikla áherslu á að kynna og halda á lofti viðurkenndum faglegum vinnubrögðum við að undirbúa og framkvæma slík verkefni. Þrátt fyrir mjög góð málþing um breytingastjórnun og samskipti við starfsmenn á erfiðum tímum virðist enn skorta nokkuð á samræmi í vinnubrögðum gagnvart stofnunum í mismunandi ráðuneytum. Í frumvörpum sem lögð hafa verið fram á yfirstandandi þingi er beitt ólíkri aðferðafræði sem birtist t.d. í því að í sumum tilfellum er núverandi forstöðumönnum tryggður forgangur til lausra starfa í viðkomandi stofnun en í öðrum tilfellum er það ekki gert. Spurningin er hvað ræður vali á möguleikum, eru það pólitísk sjónarmið, er það spurning um styrk forstöðumannahópsins á hverju sviði fyrir sig eða spurning um tengsl eða samráð við forstöðumenn eða félög þeirra? Þetta verða að teljast ólíðandi vinnubrögð á þeim tímum þegar kallað er eftir faglegri stjórnarsýslu þar sem fylgt verði skýrum leikreglum og jafnræðis gætt en ekki hentistefnu.

FFR hefur lagt talsverða áherslu á að auka og bæta samstarf við ráðuneyti og ríkisstjórn. Það verkefni fór vel af stað síðastliðið haust með stofnun sérstaks

samráðshóps í fjármálaráðuneytinu í kjölfar ályktunar aðalfundar FFR vorið 2009. Því miður hefur reynst erfitt að halda þessu samráði áfram á þessu ári þar sem fulltrúar stjórnvalda draga lappirnar við að halda fundi þegar eftir því er leitað þó að enn skorti mjög á svör við ýmsum spurningum forstöðumanna varðandi útfærslur og aðferðir við að skera niður útgjöld stofnana.

Af framangreindu sést að róðurinn er þungur í baráttu FFR fyrir samráði, gegnsæi og faglegum vinnubrögðum í stjórnsýslunni. Þrátt fyrir það megum við aldrei gefast upp og segja má að nýr byr sé kominn í seglin með útgáfu rannsóknarskýrslunnar um bankahrunið þar sem rík áhersla er lögð á að bæta vinnubrögð í íslenskri stjórnsýslu.

### **Ný stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana**

Á aðalfundi Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) sem haldin var 11 maí 2009 voru eftirtalin kjörin í stjórn:

#### Aðalstjórn:

Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, formaður

Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofu, varaformaður

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, gjaldkeri

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík, ritari

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, umsjónarmaður heimasíðu

#### Varastjórn:

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar

Ingibjörg Sverrisdóttir, Landsbókavörður

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Endurskoðendur félagsreikninga voru kosnir Gestur Steinþórsson og Júlíus S. Ólafsson og varamenn voru kjörnir Gunnar Karlsson og Þórður Ásgeirsson.

Stjórnin fundaði að jafnaði fyrsta föstudag hvers mánaðar og reyndist það fyrirkomulag vel samhliða tölvupóstsamskiptum og símtölum. Alls hélt stjórnin 11 fundi á starfsárinu, 6 fundi á árinu 2009 og 5 fundi á árinu 2010. Sú hefð hefur verið í heiðri höfð að bæði aðalstjórn og varastjórn er boðuð á alla stjórnarfundum og hefur það reynst vel. Fulltrúar í núverandi stjórn eru mjög samhentur hópur sem hefur skipt með sér verkum og dreift álaginu á hópinn og vill formaður FFR koma að sérstöku þakklæti fyrir frábært samstarf.

### **Almennir félagsfundir**

Á starfsárinu voru haldnir þrjú almennir félagsfundir. Sá fyrsti þann 20. október 2009 um stuðning við félagsmenn á erfiðum tímum. Síðan var haldinn jólafundur þann 8. desember 2009 þar sem Magnús Jónsson fyrrverandi Veðurstofustjóri hélt framsöguerindi um loftslagsbreytingar. Þriðji og síðasti almenni félagsfundurinn á starfsárinu var haldinn þann 10. mars 2010 þar sem formenn vinnuhópa, um

félagsaðild annars vegar og kjara- og réttindamál hinsvegar, kynntu tillögur. Félagsfundirnir voru ágætlega sóttir.

### **Vinnuhópar um lagabreytingar og um félagsaðild**

Á stjórnarfundum FFR þann 8. janúar 2010 var samþykkt tillaga formanns um að setja á laggirnar tvær þriggja manna vinnunefndir, önnur til að fjalla um og gera tillögur um félagsaðild að FFR og hin til að fjalla um og gera tillögur um hvort og þá hvernig félagið skuli snúa sér í réttinda og kjaramálum. Báðum nefndunum var ætlaður starfstími frá janúar til maí 2010 og voru helstu niðurstöður þeirra kynntar og ræddar á félagsfundum þann 10. mars sl. Í framhaldi af því hafa verið gerðar tillögur að breytingum á lögum FFR sem sendar voru út með fundarboði vegna aðalfundar félagsins þann 11. maí 2010 og fjallað verður um á fundinum.

### **Félagaskrá og félagsgjöld**

Á starfsárinu 2009-2010 greiddu 175 starfandi forstöðumenn félagsgjald og er það fækkun um 23 frá árinu á undan sem skýrist að stærstum hluta af sameiningu stofnana. Enn virðist stefna í fækkun félagsmanna vegna áætlana um sameiningar stofnana og hugsanlega þarf að taka tillit til þess við ákvörðun félagsgjalda þó að það sé líklega ekki tímabær umræða vegna góðrar fjárhagsstöðu félagsins.

### **Stýrihópur FFR og fjármálaráðuneytisins**

Í framhaldi af ályktun aðalfundar FFR þann 11. maí 2009 og eftir nokkra undirbúningsfundum fulltrúa FFR og fjármálaráðuneytisins samþykkti ríkisstjórn Íslands í september 2009 að setja á laggirnar samráðshóp fjármálaráðuneytis og Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem hafi eftirfarandi meginhlutverk:

- Stefnumörkun varðandi útfærslu þeirra leiða sem mögulegar eru til hagræðingar í rekstri.
- Miðla leiðbeiningum um helstu úrræði sem hægt er að grípa til.
- Skipuleggja samráð og samvinna milli forstöðumanna stofnana innbyrðis og milli ráðuneyta
- Vera bakhjarl sérstaks sparnaðarátaks í ríkisrekstri.
- Vera ráðgefandi varðandi launa- og starfsmannaákvæðanir
- Hafa yfirsýn yfir aðgerðir sem verið er að vinna ásamt því að upplýsa ráðuneyti og ríkisstjórn um stöðu mála.

Fulltrúar Félags forstöðumanna í þessu hópi hafa verið Ásta Valdimarsdóttir forstjóri Einkaleyfastofunnar og Lárus H. Bjarnason rektor Menntaskólans við Hamrahlíð. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins eru Þórhallur Arason formaður, Gunnar Björnsson, Ingþór Karl Eiríksson og Eyþór Benediktsson.

Stýrihópurinn fundaði þétt í byrjun en frá síðustu áramótum hefur starfið legið niðri. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir fullrúa FFR hefur ekki verið boðað til nýrra funda. Stjórn FFR batt miklar vonir við þetta samstarf sem lofaði góðu í upphafi og fulljóst er að mikil þörf er á slíkum samráðsvettvangi nú á tímum þegar mikilvægt er að miðla og leiðbeina stjórnendum hins opinbera í erfiðum verkefnum.

### **Málþing og fræðsla á starfsárinu**

Helstu samstarfsaðilar Félags forstöðumanna ríkisstofnana voru eins og undanfarin ár tveir, annars vegar fjármálaráðuneytið og hins vegar Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Aðal tengiliður félagsins hjá Stofnun stjórnsýslufræða er Margrét S. Björnsdóttur sem undanfarin ár hefur verið forstöðumaður þeirrar stofnunar en nýlega tók Ásta Möller við sem forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og hefur hún því komið að samstarfi við FFR ásamt Margréti síðustu vikur. Mjög ánægjulegum áfanga í þessu samstarfi var náð síðastliðið vor með undirritun samstarfssamings á milli Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Stofnunar stjórnsýslufræða, fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri. Námið hófst síðasta haust við Háskóla Íslands og gengur mjög vel og er þess vænst að það geti orðið hagnýt og gagnleg viðbót fyrir stjórnendur.

Sem fyrr var mikil og góð samvinna við fjármálaráðuneytið og Stofnun stjórnsýslufræða um fræðslustarf og málþing félagsins og var mikil áhersla lögð á þetta mikilvæga verkefni á starfsárinu. Með þessum aðilum auk fleiri s.s. forsætisráðuneyti og Samtökum atvinnulífsins í einstaka tilfellum stóð félagið að eftirgreindum viðburðum á starfsárinu sem allir voru mjög vel sóttir:

- **Málþing um lækkun ríkisútgjalda hjá opinberum stofnunum** 3. september 2009
- **Málþing um sameiningu og endurskipulagningu ríkisstofnana** 16. september 2009
- **Málþing um starfsanda á tímum niðurskurðar** 15. október 2009
- **Málþing um opinber fjármál** 17. nóvember 2009
- **Málþing um Rafræn skjalavistun og rafræn auðkenni** 18. nóvember 2009
- **Málþing um 20/20 sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi** 14. janúar 2010
- **Málþing um horfur í ríkisfjármálum 2010-2013** 27. janúar 2010
- **Ráðstefna og vinnustofa um endurskipulagningu opinberrar þjónustu** 18. febrúar 2010
- **Morgunverðarfundur um ávinning og áskoranir í opinberum rekstri** 25. febrúar 2010
- **Málþing um skipulag heilbrigðiskerfisins** 18. mars 2010
- **Málþing um betri stjórn á útgjöldum ríkisins** 25. mars 2010

Til viðbótar er fyrirhugað málþing þann 20. maí næstkomandi í Salnum í Kópavogi þar sem annars vegar verður fjallað um **nýsköpun í opinberum rekstri** og hinsvegar um **tækifæri tengd upplýsingatækni**. Þetta málþing er haldið í samvinnu við forsætisráðuneytið á svokölluðum UT-degi sem verður kynntur sérstaklega m.a. í fjölmiðlum.

Í heildina voru fyrirlesarar á málþingum starfsársins um 50 talsins og var hlutfall kynjanna þannig að karlar voru um 60% fyrirlesarar en konur um 40 %. Glærur flestra fyrirlesara eru aðgengilegar á heimasíðu FFR ([www.ffr.is](http://www.ffr.is))

### Námskeið

Í góðu samstarfi Stofnunar Stjórnsýslufræða og Félags forstöðumanna ríkisstofnana voru haldin eftirtalin námskeið sem öll voru vel sótt:

- Námskeið um samráð við starfsmenn á erfiðum tímum 24. febrúar 2010
- Námskeið um samráð við starfsmenn á erfiðum tímum 24. mars 2010
- Námskeið um ráðningu og starfslok starfsmanna ríkisins 13. apríl 2010
- Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsmenn ráðuneyta og stofnana 12. apríl – 18. maí 2010

### Heimasíðan [www.ffr.is](http://www.ffr.is)

Félag forstöðumanna ríkisstofnana rekur heimasíðu ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) þar sem reynt er að miðla með sem bestum hætti upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Félagsmenn eru hvattir til að koma með ábendingar til stjórnar FFR varðandi heimasíðuna til þess að hún geti nýst forstöðumönnum sem best.

### Að lokum

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar undanfarin ár við að bæta opinbera stjórnsýslu á Íslandi og að koma á viðurkenndum vinnuferlum við að meta árangurinn af starfinu. Félag forstöðumanna ríkisstofnana hefur verið virkur þátttakandi í þessu mikilvæga verkefni um langt skeið og árangurinn má vissulega sjá í mörgum mjög vel reknum stofnunum og margir forstöðumenn hafa náð mjög góðum árangri með sínu starfsfólki við að veita betri og skilvirkari þjónustu en áður. Þrátt fyrir þetta má gera enn betur og eftir hamfarir undanfarinna missera vegna hruns fjármálakerfisis er eitt mikilvægasta verkefnið að auka traust og bæta stjórnsýsluna hér á landi. Það eru eflaust ýmsar leiðir færar við að bæta og efla stjórnsýsluna á Íslands en eitt er víst að við það verkefni gegna forstöðumenn lykilhlutverki. Félag forstöðumanna ríkisstofnana mun áfram leita eftir samstarfi við stjórnvöld og að miðla þekkingu á sviði opinberrar stjórnsýslu, það er mikilvægar nú en oft áður.

Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana  
*Magnús Guðmundsson formaður*